

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/740****2022/EES/63/10**

frá 25. maí 2020

**um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtni og aðra mæliþætti, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1369 og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1222/2009 (\*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Sambandið hefur einsett sér að byggja upp orkusamband með framsýna loftslagsstefnu. Eldsneytisnýtni er mikilvægur hluti af ramma Sambandsins fyrir loftslags- og orkustefnu fyrir 2030 og er lykilatriði í því að takmarka eftirspurn eftir orku.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1222/2009 (3) og hefur greint þörf fyrir að uppfæra ákvæði hennar til að bæta skilvirkni hennar.
- 3) Rétt þykir að skipta út reglugerð (EB) nr. 1222/2009 til að skýra og uppfæra sum af ákvæðum hennar með tilliti til tækniframfara að því er varðar hjólbarða.
- 4) Rekja má þriðjung af orkunotkun Sambandsins til flutningageirans. Um 22% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda árið 2015 kom til vegna flutninga á vegum. Um 20% til 30% af eldsneytisnotkun ökutækja má rekja til hjólbarða, einkum vegna veltiviðnáms [áður: snúningsmótstaða] þeirra. Lækkun veltiviðnáms hjólbarða myndi því stuðla umtalsvert að bættri eldsneytisnýtni í flutningum á vegum og þannig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að afkolun í flutningageiranum.
- 5) Til að mæta áskorunum sem skerðing koltvísýringslosunar vegna flutninga á vegum hefur í för með sér þykir rétt að aðildarríkin, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, skapi hvata til nýsköpunar að því er varðar eldsneytisnýtni og öryggi hjólbarða í flokki C1, hjólbarða í flokki C2 og hjólbarða í flokki C3.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 280.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 25. febrúar 2020 (Stjútíð. ESB C 105, 31.3.2020, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 13. maí 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (Stjútíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46).

- 6) Hjólbarðar einkennast af nokkrum mælipáttum [áður: kennistærð] sem tengjast innbyrðis. Ef einn mælipáttur eins og veltiviðnáms er bættur, kann það að hafa slæm áhrif á aðra mælipætti eins og veggrip á blautum vegi, á meðan aukið veggrip á blautum vegi getur haft neikvæð áhrif á ytri snúningshávaða. Hvetja skal hjólbarðaframleiðendur til að bæta alla mælipætti umfram núverandi staðla.
- 7) Eldsneytisnýtnir hjólbarðar geta verið kostnaðarhagkvæmir þar sem eldsneytissparnaðurinn sem af þeim hlýst gerir meira en að bæta upp fyrir hækkað kaupverð sem stafar af auknum framleiðslukostnaði af slíkum hjólbörðum.
- 8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um lágmarkskröfur vegna veltiviðnáms hjólbarða. Tækniþróun gerir kleift að draga umtalsvert úr orkutapi vegna veltiviðnáms hjólbarða umfram þessar lágmarkskröfur. Til að draga úr umhverfisáhrifum flutninga á vegum er því rétt að uppfæra ákvæðin um merkingu hjólbarða til að hvetja endanlega notendur til að kaupa eldsneytisnýtnari hjólbarða með því að veita þeim samræmdar upplýsingar um veltiviðnámsmælipáttinn.
- 9) Betri merking hjólbarða gerir neytendum kleift að fá upplýsingar sem eiga betur við og eru samanburðarhæfari um eldsneytisnýtni, öryggi og hávaða og taka kostnaðarhagkvæmar og umhverfisvænar ákvarðanir við kaup á hjólbörðum.
- 10) Umferðarhávaði veldur umtalsverðum óþægindum og hefur skaðleg áhrif á heilbrigði. Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um lágmarkskröfur vegna ytri snúningshávaða frá hjólbörðum. Tækniþróun gerir kleift að draga umtalsvert úr ytri snúningshávaða umfram þessar lágmarkskröfur. Til að draga úr umferðarhávaða er því rétt að uppfæra ákvæðin um merkingu hjólbarða til að hvetja endanlega notendur til að kaupa hjólbarða með minni ytri snúningshávaða með því að veita þeim samræmdar upplýsingar um mælipátt ytri snúningshávaða.
- 11) Með því að veita samræmdar upplýsingar um ytri snúningshávaða er einnig auðveldara að framkvæma ráðstafanir til að takmarka umferðarhávaða og stuðla að aukinni vitund um áhrif hjólbarða á umferðarhávaða innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB <sup>(5)</sup>.
- 12) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er einnig mælt fyrir um lágmarkskröfur um veggrip hjólbarða á blautum vegi. Tækniþróun gerir það kleift að auka veggrip á blautum vegi umtalsvert umfram þessar lágmarkskröfur og stytta þannig hemlunarvegalengd í bleytu. Til að auka umferðaröryggi er því rétt að uppfæra ákvæðin um merkingu hjólbarða til að hvetja endanlega notendur til að kaupa hjólbarða með meira veggripi á blautum vegi með því að veita þeim samræmdar upplýsingar um mælipátt veggrips á blautum vegi.
- 13) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er vísað til reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 <sup>(6)</sup>, þar sem settar eru fram viðeigandi mæliaðferðir fyrir veltiviðnáms, ytri snúningshávaða og veggrip á blautum vegi og í snjó, til að tryggja samræmi við alþjóðlega rammann.
- 14) Upplýsingar um frammistöðu hjólbarða sem eru sérstaklega hannaðir fyrir notkun í miklum snjó og á ís ættu að koma fram á hjólbarðamerkimiðanum. Upplýsingar um veggrip í snjó ættu að byggjast á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, í nýjustu uppfærðu útgáfunni sem kemur til framkvæmda í Sambandinu (UNECE-reglugerð nr. 117) og skýringarmyndin „tákn með fjalli með þremur tindum og snjókorni“ ætti að vera á merkimiðanum fyrir hjólbarða sem uppfyllir lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó sem sett eru fram í þeirri reglugerð. Upplýsingar um veggrip á ís ættu að vera byggðar á ISO-staðlinum ISO 19447, þegar staðallinn hefur verið formlega tekinn í gildi, og skýringarmyndin fyrir veggrip á ís ætti að vera á hjólbarðamerkimiðanum á hjólbarða sem uppfyllir lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís sem sett eru fram í þeim ISO-staðli. Þar til ISO-staðallinn ISO 19447 hefur verið samþykktur ætti að meta veggrip á ís með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum sem taka tillit til almennit viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni. Hjólbarðamerkimiðinn fyrir hjólbarða sem uppfyllir lágmarksstaðlana fyrir veggrip á ís ætti að sýna skýringarmyndina fyrir veggrip á ís sem sett er fram í I. viðauka.

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stj.úf. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu (Stj.úf. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12).

<sup>(6)</sup> Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á hjólbörðum með tilliti til hávaðamengunar þeirra í snúningi og/eða veggrips á blautu yfirborði og/eða veltiviðnáms [2016/1350] (Stj.úf. ESB L 218, 12.8.2016, bls. 1).

- 15) Slit hjólbarða við notkun er umtalsverð uppspretta örplasts sem er skaðlegt umhverfinu og heilbrigði manna. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, „evrópsk stefnuáætlun um plast í hringrásarhagkerfi“, er því getið um nauðsyn þess að ráða bót á óviljandi losun örplasts frá hjólbörðum, m.a. með ráðstöfunum á sviði upplýsinga eins og merkingum og með lágmarkskröfum fyrir hjólbarða. Tengt sliti hjólbarða er hugtakið ending, þ.e. fjöldi kílómetra sem hjólbarði endist áður en skipta þarf um hann vegna slits á hjólbarðasóla. Auk slits á hjólbarða og hjólbarðasóla fer endingartími hjólbarða eftir ýmsum þáttum, t.d. slitþoli hjólbarðans, þ.m.t. samsetningu, sólamynstri og uppbyggingu, ástandi vega, viðhaldi, þrýstingi í hjólbörðum og aksturslagi.
- 16) Hins vegar er sem stendur ekki til viðeigandi prófunaraðferð til að mæla slit á hjólbörðum og endingu. Þar af leiðandi ætti framkvæmdastjórnin að veita umboð til þróunar slíkrar prófunaraðferðar, þar sem fullt tillit er tekið til nýjustu tækni og staðla eða reglugerða sem þróaðar hafa verið eða lagðar til á alþjóðavettvangi auk starfsins sem unnið er í iðnaðinum.
- 17) Sólaðir hjólbarðar eru umtalsverður hluti af markaðinum fyrir hjólbarða fyrir þung ökutæki. Sólun hjólbarða lengir endingartíma þeirra og stuðlar að því að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins, eins og að draga úr úrgangi. Það myndi leiða til töluverðs orkusparnaðar að beita kröfum um merkingar á slíka hjólbarða. Í þessari reglugerð ætti að kveða á um að fella inn síðar viðeigandi prófunaraðferð til að mæla frammistöðu sólaðra hjólbarða sem er ekki til sem stendur.
- 18) Orkumerkimiðarnir sem kveðið er á um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 <sup>(7)</sup>, sem flokka orkunotkun vara á kvarða frá A til G, eru þekktir af yfir 85% neytenda Sambandsins sem skýrt og gagnsætt upplýsingatæki og hafa sannað að þeir eru áhrifaríkir við að koma orkunýtnari vörum á framfæri. Hjólbarðamerkimiðinn ætti að hafa sömu hönnun að því marki sem unnt er og á sama tíma taka tillit til sértækra mælipátta hjólbarða.
- 19) Miðlun sambærilegra upplýsinga um mælipætti hjólbarða með stöðluðum hjólbarðamerkimiða er líkleg til að hafa áhrif á ákvarðanir endanlegra notenda um kaup á eldsneytisnýtnari, endingarbetri, öruggari og hljóðlátari hjólbörðum. Það er síðan líklegt til að hvetja hjólbarðaframleiðendur til að bæta mælipætti hjólbarða sem leggur grunn að enn sjálfbærri notkun og framleiðslu hjólbarða.
- 20) Þörfin fyrir meiri upplýsingar um eldsneytisnýtni og aðra mælipætti varðar alla endanlega notendur, þ.m.t. kaupendur hjólbarða til endurnýjunar, kaupendur hjólbarða sem settir eru á ný ökutæki og stjórnendur ökutækjafloata og flutninga-fyrirtæki sem geta ekki auðveldlega borið saman mælipætti hjólbarða með mismunandi vöruheitum án merkinga og samræmds prófunarfyrirkomulags. Því er viðeigandi að krefjast þess að allir hjólbarðar, sem eru boðnir með eða settir á ökutæki, hafi hjólbarðamerkimiða.
- 21) Sem stendur er þess krafist að hjólbarðar fyrir fólksbifreiðar (hjólbarðar í flokki C1) og sendibifreiðar (hjólbarðar í flokki C2) hafi hjólbarðamerkimiða en ekki fyrir þung ökutæki (hjólbarðar í flokki C3). Hjólbarðar í flokki C3 nota meira eldsneyti og eru keyrðir fleiri kílómetra á ári en hjólbarðar í flokki C1 eða hjólbarðar í flokki C2 og þar af leiðandi er umtalsverður möguleiki á því að draga úr eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda frá þungum ökutækjum. Þess vegna ættu hjólbarðar í flokki C3 að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Að fella hjólbarða í flokki C3 að fullu undir gildissvið þessarar reglugerðar er einnig í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 <sup>(8)</sup>, sem kveður á um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 <sup>(9)</sup>, sem setur staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki.
- 22) Margir endanlegir notendur taka ákvarðanir um kaup á hjólbarða án þess að sjá hjólbarðann sjálfan og sjá því ekki hjólbarðamerkimiðann sem er festur á hann. Við slíkar aðstæður ætti að sýna endanlegum notendum hjólbarðamerkimiðann áður en þeir taka ákvarðanir um kaup. Með því að hafa hjólbarðamerkimiða á hjólbörðum á sölustað, og einnig í tæknilegu kynningarefni, á að vera tryggt að dreifingaraðilar, ásamt hugsanlegum endanlegum notendum, fái samræmdar upplýsingar um viðeigandi mælipætti hjólbarða á þeim tíma og stað þegar ákvörðun um kaup er tekin.

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stj.íð. ESB L 198, 28.7.2001, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (Stj.íð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stj.íð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).

- 23) Sumir endanlegir notendur taka ákvarðanir um kaup á hjólbarða áður en þeir koma á sölustað eða kaupa hjólbarða í póstverslun eða á netinu. Til að tryggja að þeir endanlegu notendur geti einnig tekið upplýsta ákvörðun á grundvelli samræmdra upplýsinga um m.a. eldsneytisnýtni hjólbarða, veggrip á blautum vegi og ytri snúningshávaða, skal hafa hjólbarðamerkimiða í öllu tæknilegu kynningarefni og sjónrænum auglýsingum fyrir tiltekna gerðir hjólbarða, einnig þegar slíkt efni er gert aðgengilegt á netinu. Þegar sjónrænar auglýsingar varða hjólbarðahóp og ekki bara tiltekna gerð hjólbarða þarf ekki að sýna hjólbarðamerkimiðann.
- 24) Veita skal hugsanlegum endanlegum notendum upplýsingar til skýringar á hverjum efnisþætti hjólbarðamerkimiðans og þýðingu hans. Þessar upplýsingar skal veita í öllu tæknilegu kynningarefni, til dæmis á vefsetri birgja, en ætti ekki að vera krafist í sjónrænum auglýsingum. Ekki ætti að skilja sem svo að tæknilegt kynningarefni feli í sér auglýsingar á skiltum, dagblöðum, tímaritum eða í útvarps- eða sjónvarpsútsendingum.
- 25) Með fyrirvara um skyldur aðildarríkja í tengslum við markaðseftirlit eða skyldur birgja til að ganga úr skugga um samræmi vöru, ættu birgjar að gera nauðsynlegar samræmisupplýsingar vöru tiltækar á rafrænu formi í vörugagnagrunninum. Þær upplýsingar sem skipta máli fyrir neytendur og dreifingaraðila ættu að vera aðgengilegar öllum í opnum hluta vörugagnagrunnsins. Þessar upplýsingar ætti að gera aðgengilegar sem opin gögn til að gera hönnuðum farsímahugbúnaðar og samræmingarverkfæra kleift að nota upplýsingarnar. Greiða ætti fyrir auðveldum beinum aðgangi að opna hluta vörugagnagrunnsins með notendamiðuðum hjálpargögnum sem eru prentuð á hjólbarðamerkimiðann, s.s. QR-kóða.
- 26) Sá hluti vörugagnagrunnsins er varðar reglufylgni ætti að falla undir strangar reglur um gagnavernd. Tilteknir skyldubundnir hlutar tæknigagna í hluta vörugagnagrunnsins er varðar reglufylgni skulu gerðir aðgengilegir bæði markaðseftirlitsyfirlitum og framkvæmdastjórninni. Þegar tæknilegar upplýsingar eru of viðkvæmar til að bæta þeim í flokk tæknigagna ættu markaðseftirlitsyfirlit að hafa aðgang að þessum upplýsingum þegar nauðsyn krefur í samræmi við samstarfsskyldu birgja eða ef birgjar hala upp viðbótarhlutum tæknigagna í vörugagnagrunnin að eigin frumkvæði.
- 27) Sala á hjólbörðum í gegnum söluvettvanga á netinu, frekar en beint frá birgjum, fer vaxandi. Því ættu hýsingaraðilar að sjá til þess að hjólbarðamerkimiðinn og vöruupplýsingablaðið frá birginum séu sýnileg nálægt verðupplýsingunum. Þeir ættu að upplýsa dreifingaraðilann um skylduna um að sýna hjólbarðamerkimiðann og vöruupplýsingablaðið en ættu ekki að bera ábyrgð á nákvæmni eða innihaldi hjólbarðamerkimiðans eða vöruupplýsingablaðsins. Skyldurnar sem lagðar eru á hýsingaraðila samkvæmt þessari reglugerð ættu að takmarkast við það sem er sanngjarnt og ættu ekki að jafngilda almennri skyldu að vakta upplýsingar sem þeir geyma eða að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til starfsemi sem uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar. Í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB<sup>(10)</sup> er þess krafist að hýsingaraðilar sem óska eftir undanþágum frá ábyrgð, sem er að finna í þessu ákvæði, grípi tafarlaust til aðgerða til þess að eyða upplýsingum eða tryggja að aðgengi að þeim sé hindrað, sem þeir geyma að beiðni þjónustuþega, þar sem slíkar upplýsingar uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar, eins og þegar hjólbarðamerkimiða eða vöruupplýsingablað vantar, það er ófullnægjandi eða rangt. Þeir ættu að gera það um leið og þeir hafa beina vitneskju um slíkar upplýsingar eða, að því er varðar skaðabótakröfu, um leið og slíkar upplýsingar eru þeim ljósar, t.d. í gegnum sérstakar upplýsingar sem markaðseftirlitsyfirvald veitir. Birgjar, sem selja beint til endanlegra notenda í gegnum sín eigin vefsetur, heyra undir sömu skyldur um fjarsölu eins og dreifingaraðilar.
- 28) Veltiviðnám, veggrip á blautum vegi, ytri snúningshávaði og aðrir mælipættir ættu að vera mældir í samræmi við áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu mælingar- og reikniáðferðum. Eftir því sem unnt er ættu slíkar aðferðir að endurspegla hegðun meðalneytanda og vera traustar í því skyni að koma í veg fyrir vísvitandi eða óvísvitandi sniðgöngu. Hjólbarðamerkimiðar ættu að endurspegla samanburðarframmistöðu hjólbarða við raunverulega notkun, innan þeirra takmarka sem stafa af þörf fyrir áreiðanlega og samanburðarnákvæma prófun á rannsóknarstofu, í því skyni að gera endanlegum notendum kleift að bera saman mismunandi hjólbarða og takmarka kostnað framleiðenda við prófanir.

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjttíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

- 29) Ef þau hafa nægilegar ástæður til að ætla að birgir hafi ekki tryggt að hjólbarðamerkimiðinn sé nákvæmur og til að auka tiltrú hjá neytendum ættu landsyfirvöld, eins og þau eru skilgreind í 37. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 <sup>(11)</sup>, að athuga hvort flokkarnir fyrir veltiviðnám, veggrip á blautum vegi og ytri snúningshávaða, sem sýndir eru á hjólbarðamerkimiðanum, auk skýringarmyndanna fyrir aðra mæliþætti, séu í samræmi við gögnin sem birgirinn lætur í té byggt á prófunarniðurstöðum og útreikningum. Slíkar athuganir geta átt sér stað í gerðarviðurkenningarferlinu og krefjast ekki endilega efnislegrar prófunar á hjólbarðanum.
- 30) Það er nauðsynlegt að birgjar, heildsalar, seljendur og aðrir dreifingaraðilar fari að ákvæðum um merkingar hjólbarða til að tryggja jöfn samkeppniskeyrði í Sambandinu. Aðildarríki skulu því fylgjast með því að farið sé að ákvæðunum með reglulegu eftirliti eftir á og markaðseftirliti í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 <sup>(12)</sup>.
- 31) Í því skyni að auðvelda samræmisefirlit, koma á gagnlegri leið fyrir endanlega notendur og gera dreifingaraðilum kleift að fara aðrar leiðir við móttöku vöruupplýsingablaða, ættu hjólbarðar að fara í vörugagnagrunninn sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1369. Því ætti að breyta þeirri reglugerð til samræmis við það.
- 32) Í því skyni að endanlegir notendur hafi tiltrú á hjólbarðamerkimiðanum, ætti ekki að leyfa notkun annarra merkimiða sem líkja eftir hjólbarðamerkimiðanum. Af sömu ástæðu ætti ekki að leyfa aðra merkimiða, merkingar, tákn eða áletranir sem eru líklegar til að vera villandi eða misvísandi fyrir endanlega notendur að því er varðar mæliþætti sem gefnir eru upp á hjólbarðamerkimiðanum.
- 33) Viðurlögin, sem gilda um brot gegn þessari reglugerð og framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 34) Til þess að stuðla að orkunýtni, mildun loftslagsbreytinga, umferðaröryggi og umhverfisvernd, ættu aðildarríki að geta hvatt til notkunar á orkunýtnum og öruggum hjólbörðum. Aðildarríkjum er frjálst að ákveða hvernig slíki hvatningu er háttað. Slík hvatning skal vera í samræmi við reglur Evrópusambandsins um ríkisaðstoð og ætti ekki að fela í sér ósanngjarnar markaðshindranir. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á niðurstöðu meðferðar ríkisaðstoðarmála sem framkvæmd er í samræmi við 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar slíka hvata.
- 35) Til að breyta innihaldi og sniði hjólbarðamerkimiðans, til að innleiða kröfur að því er varðar sólaða hjólbarða, slit á hjólbörðum og endingu, og til að laga viðaukana að tækniframförum, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 <sup>(13)</sup>. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 36) Þegar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir til að prófa og mæla slit á hjólbörðum og endingu eru tiltækar ætti framkvæmdastjórnin að meta hagkvæmni þess að bæta upplýsingum um hjólbarðaslit og endingartíma á hjólbarðamerkimiðann. Þegar framkvæmdastjórnin leggur fram framselda gerð, til að bæta hjólbarðaslit og endingu á hjólbarðamerkimiðann, ætti hún að taka tillit til þessa mats og ætti að vera í nánu samstarfi við iðnaðinn, viðeigandi staðlasamtökin, eins og t.d. Staðlasamtök Evrópu, efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða Alþjóðlegu staðlasamtökin og fulltrúa annarra hagsmunaaðila sem hafa áhuga á þróun viðeigandi prófunaraðferða. Upplýsingar um slit á hjólbörðum og endingu ættu að vera ótvíræðar og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á skiljanleika og skilvirkni hjólbarðamerkimiðans í heild sinni með tilliti til endanlegra notenda. Slíkar upplýsingar myndu einnig gera endanlegum notendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir að því er varðar hjólbarða, endingartíma þeirra og óviljandi losun örplasts. Þetta myndi aðstoða við að vernda umhverfið og á sama tíma veita endanlegum notendum möguleika á því að meta rekstrarkostnað hjólbarða yfir lengra tímabil.

<sup>(11)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 frá 20. júní 2019 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011 (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 37) Hjólbarðar sem þegar höfðu verið settir á markað fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda ættu ekki að þurfa að fá nýjan hjólbarðamerkimiða.
- 38) Stærð hjólbarðamerkimiðans ætti áfram að vera sú sama og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1222/2009. Upplýsingar varðandi veggrip í snjó og á ís, ásamt QR-kóðanum, ættu að vera tilgreindar á hjólbarðamerkimiðanum.
- 39) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á þessa reglugerð. Í samræmi við 22. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ætti þetta mat að byggjast á skilvirkni, árangri, mikilvægi, samræmi og virðisauka og að skapa grunn fyrir mat á áhrifum á valkostum varðandi frekari aðgerðir.
- 40) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að auka öryggi, vernda heilbrigði og efnahagslega og umhverfislega skilvirkni flutninga á vegum með því að veita endanlegum notendum upplýsingar til að gera þeim kleift að velja eldsneytisnýtnari, endingarbetri, öruggari og hljóðlátari hjólbarða, því það krefst samræmdra upplýsinga fyrir endanlega notendur, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins þar sem þörf er á samræmdum regluramma og jöfnum samkeppnisskilyrðum, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Reglugerð er áfram viðeigandi lagagerningur það eð hún leggur á skýrar og nákvæmar reglur sem fyrirbyggja sundurleitni í lögleiðingu aðildarríkjanna og tryggir þannig meiri samræmingu í Sambandinu öllu. Samræmdur regluramma á vettvangi Sambandsins frekar en aðildarríkjanna dregur úr kostnaði fyrir birgja, tryggir jöfn samkeppnisskilyrði og tryggir frjálsa vöruflutninga á innri markaðnum. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 41) Reglugerð (EB) nr. 1222/2009 ætti því að falla úr gildi frá og með þeim degi sem þessi reglugerð kemur að til framkvæmda.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Efni

Með þessari reglugerð er settur rammi um veitingu samræmdra upplýsinga um mæliþætti hjólbarða á merkimiðum til að gera endanlegum notendum kleift að taka upplýsta ákvörðun um kaup á hjólbörðum, í þeim tilgangi að auka öryggi, vernda heilbrigði og efnahagslega og umhverfislega skilvirkni flutninga á vegum með því að stuðla að eldsneytisnýtnum, endingargóðum og öruggum hjólbörðum með lágt hávaðastig.

##### 2. gr.

##### Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um hjólbarða í flokki C1, hjólbarða í flokki C2 og hjólbarða í flokki C3 sem eru settir á markað.

Kröfur fyrir sólaða hjólbarða gilda þegar viðeigandi prófunaraðferð til að mæla frammistöðu sólaðra hjólbarða er tiltæk í samræmi við 13. gr.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- torfæruhjólarbarða fyrir fagmenn,
- hjólarbarða sem einungis eru hannaðir til ásetningar á ökutæki sem voru fyrst skráð fyrir 1. október 1990,
- varahjólarbarða af T-gerð til tímabundinnar notkunar,
- hjólarbarða sem einungis eru ætlaðir til notkunar á hraða sem er undir 80 km/klst.,
- hjólarbarða þar sem nafnþvermál brúna er 254 mm eða minna eða 635 mm eða meira,
- hjólarbarða sem búnir eru viðbótarbúnaði til að bæta gripeiginleika, svo sem neglda hjólarbarða,
- hjólarbarða sem aðeins eru hannaðir til ásetningar á ökutæki sem eingöngu eru ætluð til keppni,
- notaða hjólarbarða, nema slíkir hjólarbarðar séu fluttir inn frá þriðja landi.

## 3. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „hjólbarðar í flokki C1, hjólbarðar í flokki C2 og hjólbarðar í flokki C3“: hjólbarðar sem tilheyra hver sínum flokki sem settir eru fram í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009,
- 2) „sólaður hjólbarði“: notaður hjólbarði sem er endurnýjaður með því að skipta út eyddum sóla með nýju efni,
- 3) „varahjólbarði af T-gerð til tímabundinnar notkunar“: varahjólbarði sem hannaður er til tímabundinnar notkunar með hærri loftþrýstingi en ákvarðaður hefur verið fyrir staðlaða og styrkta hjólbarða,
- 4) „torfæruhjólbarði fyrir fagmenn“: hjólbarði til sérstakra nota, aðallega við erfið skilyrði utan vega,
- 5) „hjólbarðamerkimiði“: myndræn skýringarmynd, annaðhvort á prenti eða rafrænu formi, þ.m.t. í formi límniða sem inniheldur tákni til að upplýsa endanlega notendur um frammistöðu hjólbarða eða framleiðslulotu hjólbarða í tengslum við mælipættina sem settir eru fram í I. viðauka,
- 6) „sölustaður“: staður þar sem hjólbarðar eru til sýnis eða geymdir og boðnir til sölu, þ.m.t. bifreiðasýningarsalir þar sem hjólbarðar, sem hafa ekki verið settir á ökutæki, eru boðnir endanlegum notendum til sölu,
- 7) „tæknilegt kynningarefni“: gögn, á prenti eða rafrænu formi, sem eru framleidd af birgi til að bæta við auglýsingaefni og sem innihalda upplýsingarnar sem eru settar fram í IV. viðauka,
- 8) „vöruupplýsingablað“: staðlað skjal sem inniheldur upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka, á prenti eða rafrænu formi,
- 9) „tæknigögn“: fullnægjandi gögn til að gera markaðseftirlitsyfirvöldum kleift að meta nákvæmni hjólbarðamerkimiða og vöruupplýsingablaðs, þ.m.t. upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. lið í VII. viðauka,
- 10) „vörugagnagrunnur“: vörugagnagrunnurinn sem er komið á fót skv. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1369,
- 11) „fjarsala“: sala, leiga eða kaupleiga í gegnum póstpöntun, verðlista, netið, með símasölu eða með öðrum hætti sem leiðir af sér að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að hugsanlegur endanlegur notandi hafi séð hjólbarðann í útstillingu,
- 12) „framleiðandi“: framleiðandi eins og hann er skilgreindur í 8. lið. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1020,
- 13) „innflytjandi“: innflytjandi eins og hann er skilgreindur í 9. lið. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020,
- 14) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hönd framleiðandans í tengslum við tilgreind verkefni með tilliti til skuldbindinga framleiðandans samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar,
- 15) „birgir“: framleiðandi sem er með staðfestu í Sambandinu, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda sem er ekki með staðfestu í Sambandinu, eða innflytjandi, sem setur vöru á markað Sambandsins,
- 16) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en birgir, sem býður vöru fram á markaði,
- 17) „að bjóða fram á markaði“: að bjóða fram á markaði eins og það er skilgreint í 1. lið. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020,
- 18) „setning á markað“: setning á markað, eins og það er skilgreint í 2. lið. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020,
- 19) „endanlegur notandi“: neytandi og stjórnandi ökutækjafloata eða vegaflutningafyrirtæki sem kaupir eða mun væntanlega kaupa hjólbarða,
- 20) „mælipáttur“: eiginleiki hjólbarða sem hefur veruleg áhrif á umhverfið, umferðaröryggi eða heilbrigði við notkun hjólbarðans, t.d. slít á hjólbörðum, ending, veltivíðnám, veggrip á blautum vegi, ytri snúningshávaði, veggrip í snjó eða veggrip á ís,
- 21) „gerð hjólbarða“: útgáfa af hjólbarða þar sem tæknilegu eiginleikarnir á hjólbarðamerkimiðanum, vöruupplýsingablaðinu og auðkenni gerðar hjólbarða eru þeir sömu fyrir allar einingar af þessari útgáfu,
- 22) „vikmörk við sannprófun“: leyfileg hámarksfrávik milli niðurstaðna mælingar og útreikninga við sannprófun sem framkvæmd er af, eða fyrir hönd markaðseftirlitsyfirlvalda, og uppgfna eða birta mælipætti, og sem endurspeglar frávik sem eru til komin vegna mismunar milli rannsóknarstofa,

- 23) „auðkenni gerðar hjólbarða“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna gerð hjólbarða frá öðrum gerðum hjólbarða sem hafa sama viðskiptaheiti eða sama vörumerki og birgirinn,
- 24) „sambærileg gerð hjólbarða“: gerð hjólbarða sem er sett á markað af sama birgi sem önnur gerð hjólbarða með annað auðkenni gerðar hjólbarða og hefur sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar hjólbarðamerkimiðann og vöruupplýsingablaðið.

#### 4. gr.

### Skyldur hjólbarðabirgja

1. Birgjar skulu sjá til þess að hjólbörðum í flokki C1, hjólbörðum í flokki C2 og hjólbörðum í flokki C3, sem eru settir á markað, fylgi án endurgjalds:

- a) fyrir hvern einstakan hjólbarða, hjólbarðamerkimiði, í formi límmiða, sem er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka, sem sýnir upplýsingarnar og flokkinn fyrir alla mælipættina sem settir eru fram í I. viðauka, og vöruupplýsingablað eða
- b) fyrir hverja framleiðslulotu eins eða fleiri samskonar hjólbarða, prentaður hjólbarðamerkimiði, sem er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka, sem sýnir upplýsingarnar og flokkinn fyrir alla mælipættina sem settir eru fram í I. viðauka, og vöruupplýsingablað.

2. Að því er varðar hjólbarða sem eru seldir eða boðnir til sölu með fjarsölu skulu birgjar tryggja að hjólbarðamerkimiðinn sé sýndur nálægt upplýsingunum um verðið og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt, þ.m.t. á prenti, að fenginni beiðni frá endanlegum notanda. Stærð hjólbarðamerkimiðans skal vera þannig að hann sé auðsýnilegur og læsilegur og í réttu hlutfalli við stærðina sem tilgreind er í lið 2.1 í II. viðauka.

Að því er varðar hjólbarða sem eru seldir eða boðnir til sölu á netinu geta birgjar gert hjólbarðamerkimiðann fyrir tiltekna tegund hjólbarða aðgengilegan með faldaðri birtingu.

3. Birgjar skulu tryggja að hjólbarðamerkimiðinn sjáist í öllum sjónrænum auglýsingum fyrir tiltekna gerð hjólbarða. Ef verðið á þessari gerð hjólbarða er tilgreint í sjónrænu auglýsingunni skal sýna hjólbarðamerkimiðann nálægt upplýsingunum um verðið.

Að því er varðar sjónrænar auglýsingar á netinu geta birgjar gert hjólbarðamerkimiðann aðgengilegan með faldaðri birtingu.

4. Birgjar skulu tryggja að allt tæknilegt kynningarefni sem varðar tiltekna gerð hjólbarða, sýni hjólbarðamerkimiða þessarar gerðar hjólbarða og innihaldi upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. viðauka.

5. Birgjar skulu láta viðkomandi landsyfirvaldi, eins og það er skilgreint í 37. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858, í té gildin sem notuð eru til að ákvarða skylda flokka og allar viðbótarupplýsingar um frammistöðu, sem birgirinn gefur upp á hjólbarðamerkimiðanum fyrir gerðir hjólbarða í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð, auk hjólbarðamerkimiðans sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð. Leggja skal þessar upplýsingar fyrir viðkomandi landsyfirvald á grundvelli 1. og 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar áður en gerðir hjólbarða sem um er að ræða eru settar á markað þannig að yfirvaldið geti sannreynt nákvæmni hjólbarðamerkimiðans.

6. Birgjar skulu tryggja nákvæmni hjólbarðamerkimiðanna og vöruupplýsingablaðanna sem þeir láta í té.

7. Birgjar geta gert tæknigögn aðgengileg fyrir yfirvöld aðildarríkjanna, annarra en yfirvaldanna sem tilgreind eru í 5. gr., eða fyrir viðkomandi landsbundna faggilta aðila að fenginni beiðni.

8. Birgjar skulu starfa með markaðseftirlityfirvöldum og grípa þegar í stað til aðgerða til að ráða bót á tilvikum, sem þeir eru ábyrgir fyrir, þar sem ekki hefur verið farið að þessari reglugerð, að eigin frumkvæði eða þegar markaðseftirlitsyfirvöld krefjast þess.

9. Birgjar skulu ekki láta í té eða sýna aðra merkimiða, merkingar, tákn eða áletranir sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð og sem eru líklegar til að vera villandi eða misvísandi fyrir endanlega notendur að því er varðar mælipætti sem settir eru fram í I. viðauka.

10. Birgjar skulu ekki láta í té eða sýna merkimiða sem líkja eftir hjólbarðamerkimiðanum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.



## 5. gr.

**Skyldur hjólbarðabirgja í tengslum við vörugagnagrunninn**

1. Frá 1. maí 2021 skulu birgjar færa upplýsingarnar, sem um getur í VII. viðauka, inn í vörugagnagrunninn áður en hjólbarði, sem er framleiddur eftir þessa dagsetningu, er settur á markað.
2. Að því er varðar hjólbarða sem eru framleiddir milli 25. júní 2020 og 30. apríl 2021 skal birgirinn færa upplýsingarnar, sem um getur í VII. viðauka, inn í vörugagnagrunninn eigi síðar en 30. nóvember 2021.
3. Að því er varðar hjólbarða sem eru settir á markað fyrir 25. júní 2020 getur birgirinn fært upplýsingarnar, sem um getur í VII. viðauka, inn í vörugagnagrunninn.
4. Þar til upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. gr., hafa verið færðar inn í vörugagnagrunninn skal birgir veita aðgang að rafrænni útgáfu tæknigagnanna til skoðunar innan tíu virkra daga frá því að beiðni berst frá markaðseftirlitsyfirvöldum.
5. Ef gerðarviðurkenningaryfirvöld eða markaðseftirlitsyfirvöld vantar aðrar upplýsingar en þær sem settar eru fram í VII. viðauka, svo þau geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð, skal birgirinn veita þær upplýsingar að fenginni beiðni.
6. Ef breytingar eru gerðar á hjólbarða sem skipta máli fyrir hjólbarðamerkimiða eða vöruupplýsingablað skal hann teljast ný gerð hjólbarða. Birgir skal tilgreina það í vörugagnagrunninum þegar hann hættir að setja einingar af tiltekinni gerð hjólbarða á markað.
7. Eftir að síðasta eining gerðar hjólbarða er sett á markað skal birgirinn varðveita upplýsingar varðandi þessa gerð hjólbarða í þeim hluta vörugagnagrunnsins er varðar reglufylgni í a.m.k. fimm ár.

## 6. gr.

**Skyldur dreifingaraðila hjólbarða**

1. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess:
  - a) að hjólbarðar beri hjólbarðamerkimiða á sölustað í formi límmiða sem er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka og birgirinn leggur fram í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. á áberandi stað þar sem hann er læsilegur í heild sinni og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt, þ.m.t. á prenti að fenginni beiðni eða
  - b) að áður en hjólbarði er seldur, sem er hluti af framleiðslulotu eins eða fleiri samskonar hjólbarða, sé prentaður hjólbarðamerkimiði, sem er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka, sýndur endanlegum notanda og að hann sé sýndur með greinilegum hætti nálægt hjólbarðanum á sölustað og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt.
2. Dreifingaraðilar skulu tryggja að hjólbarðamerkimiðinn sjáist í öllum sjónrænum auglýsingum fyrir tiltekna gerð hjólbarða. Ef verðið á þessari gerð hjólbarða er tilgreint í sjónrænu auglýsingunni skal sýna hjólbarðamerkimiðann nálægt upplýsingunum um verðið.

Að því er varðar sjónrænar auglýsingar á netinu fyrir tiltekna gerð hjólbarða geta dreifingaraðilar gert hjólbarðamerkimiðann aðgengilegan með faldaðri birtingu.

3. Dreifingaraðilar skulu tryggja að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar tiltekna gerð hjólbarða, sýni hjólbarðamerkimiðann og innihaldi upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. viðauka.
4. Dreifingaraðilar skulu tryggja að ef hjólbarðar sem boðnir eru til sölu eru ekki sýnilegir endanlegum notanda láti þeir endanlegum notanda í té afrit af hjólbarðamerkimiðanum áður en salan fer fram.
5. Dreifingaraðilar skulu tryggja að allt prentað efni fyrir fjarsölu sýni hjólbarðamerkimiðann og að endanlegir notendur hafi aðgang að vöruupplýsingablaðinu í gegnum opið vefsetur og geti farið fram á prentað afrit af vöruupplýsingablaðinu.
6. Dreifingaraðilar sem nota fjarsölu í gegnum síma skulu upplýsa endanlega notendur um flokkana fyrir hvern mæliþátt á hjólbarðamerkimiðanum og upplýsa endanlega notendur um að þeir geti nálgast hjólbarðamerkimiðann og vöruupplýsingablaðið í gegnum opið vefsetur og farið fram á prentað afrit.
7. Að því er varðar hjólbarða sem eru seldir eða boðnir til sölu á netinu skulu dreifingaraðilar tryggja að hjólbarðamerkimiðinn sé sýndur nálægt upplýsingunum um verðið og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt. Stærð hjólbarðamerkimiðans skal vera þannig að hann sé auðsýnilegur og læsilegur og í réttu hlutfalli við stærðina sem tilgreind er í lið 2. I í II. viðauka.

Dreifingaraðilar geta gert hjólbarðamerkimiða fyrir tiltekna gerð hjólbarða aðgengilegan með faldaðri birtingu.

7. gr.

#### **Skyldur birgja ökutækja og dreifingaraðila ökutækja**

Ef endanlegur notandi hyggst kaupa nýtt ökutæki skulu birgjar og dreifingaraðilar ökutækja láta endanlega notandanum hjólbarðamerkimiðann fyrir hjólbarðana sem eru boðnir með eða settir á ökutækið og allt viðeigandi tæknilegt kynningarefni í té áður en salan fer fram og skulu tryggja að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt.

8. gr.

#### **Skyldur hýsingaraðila**

Ef þjónustuveitandi, eins og um getur í 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB, leyfir sölu á hjólbörðum í gegnum vefsetur sitt skal sá þjónustuveitandi sjá til þess að hjólbarðamerkimiðinn og vöruupplýsingablaðið, sem birgirinn lætur í té, séu sýnd nálægt upplýsingunum um verðið og skal upplýsa dreifingaraðilann um skyldurnar um að sýna hjólbarðamerkimiðann og vöruupplýsingablaðið.

9. gr.

#### **Prófunar- og mæliaðferðir**

Upplýsingarnar sem veita skal skv. 4., 6. og 7. gr. um mælipættina sem eru tilgreindir á hjólbarðamerkimiðanum skulu fengnar með því að beita prófunaraðferðunum sem um getur í I. viðauka og málsmeðferð fyrir samræmingu rannsóknarstofa sem um getur í V. viðauka.

10. gr.

#### **Sannprófunaraðferð**

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í VI. viðauka, við mat á samræmi yfirlýstra flokka í þessari reglugerð fyrir alla mælipættina, sem settir eru fram í I. viðauka.

11. gr.

#### **Skyldur aðildarríkjanna**

1. Aðildarríkjnum er óheimilt að hindra að hjólbarðar, sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, verði settir á markað eða teknir í notkun á yfirráðasvæði þeirra.
2. Þar sem aðildarríkin veita hvata að því er varðar hjólbarða skulu slíkir hvatar eingöngu miðast við hjólbarða í flokki A eða B að því er tekur til veltiviðnáms eða veggrips á blautum vegi í skilningi A- og B-hluta I. viðauka eftir því sem við á. Skattlagning og ráðstafanir er varða skattamál teljast ekki hvatar að því er varðar þessa reglugerð.
3. Þegar viðkomandi landsyfirvald, eins og það er skilgreint í 37. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858, hefur nægilegar ástæður til að ætla að birgir hafi ekki tryggt að hjólbarðamerkimiðinn sé nákvæmur í samræmi við 6. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, skal það sannreyna að flokkarnir og allar viðbótarupplýsingar um frammistöðu sem eru gefnar upp á hjólbarðamerkimiðanum séu í samræmi við gildin og gögnin sem birgirinn leggur fram í samræmi við 5. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, án þess að það hafi áhrif á reglugerð (ESB) 2019/1020.
4. Í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1020 skulu aðildarríki sjá til þess að landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld setji á fót kerfi fyrir kerfisbundnar og sérstakar skoðanir á sölustöðum í þeim tilgangi að sjá til þess að farið sé að þessari reglugerð.
5. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög og fullnustuleiðir sem gilda um brot gegn þessari reglugerð og framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Eigi síðar en 1. maí 2021 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur og ráðstafanir sem hafa ekki verið tilkynntar framkvæmdastjórninni áður og skulu tilkynna tafarlaust um hvers kyns síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

*12. gr.***Markaðseftirlit Evrópusambandsins og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins**

1. Reglugerð (ESB) 2019/1020 gildir um hjólbarðana sem falla undir þessa reglugerð og viðeigandi framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt henni.
2. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til og styðja við samstarf og upplýsingaskipti um markaðseftirlit varðandi merkingu hjólbarða milli yfirvalda þeirra aðildarríkja sem bera ábyrgð á markaðseftirliti eða þeirra sem annast eftirlit með hjólbörðum sem koma inn á markað Sambandsins, og milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, einkum með meiri þátttöku samstarfshóps á sviði stjórnsýslu í tengslum við merkingar hjólbarða.
3. Landsbundnar stefnuáætlanir um markaðseftirlit aðildarríkjanna, sem komið er á skv. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1020, skulu innihalda aðgerðir til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar.
4. Ef birgir fer ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar eða viðeigandi framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni geta markaðseftirlitsyfirvöld endurheimt kostnað frá birgi vegna skjalaskoðunar og framkvæmd raunverulegra prófana á vörum.

*13. gr.***Framseldar gerðir**

1. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 14. gr. í því skyni að breyta:
  - a) ákvæðum II. viðauka að því er varðar innihald og snið hjólbarðamerkimiðans,
  - b) ákvæðum D- og E-hluta I. viðauka og II., III., IV., V., VI. og VII. viðauka með því að aðlaga gildin, reikniaðferðirnar og kröfurnar, sem settar eru þar fram, að tækniframförum.
2. Eigi síðar en 26. júní 2022 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 14. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að innleiða nýjar kröfur um upplýsingar fyrir sólaða hjólbarða í viðaukunum, að því tilskildu að viðeigandi prófunaraðferð sé tiltæk.
3. Framkvæmdastjórninni er einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 14. gr., til að ná yfir mæliþætti eða kröfur um upplýsingar fyrir slit á hjólbörðum og endingu, um leið og áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir til að prófa og mæla slit á hjólbörðum og endingartíma eru tiltækar til notkunar hjá evrópskum eða alþjóðlegum staðlastofnunum og að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
  - a) framkvæmdastjórnin hefur gert ítarlegt mat á áhrifum og
  - b) framkvæmdastjórnin hefur haft viðeigandi samráð við viðkomandi hagsmunaaðila.
4. Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin við undirbúning framseldra gerða prófa innihald og snið hjólbarðamerkimiða á hópa dæmigerðra viðskiptavina í Sambandinu til að tryggja að hjólbarðamerkimiðarnir séu auðskiljanlegir og birta niðurstöðurnar.

*14. gr.***Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 13. gr., til fimm ára frá 25. júní 2020. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtúmis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

15. gr.

#### Mat og skýrslugjöf

Eigi síðar en 1. júní 2025 skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat á þessari reglugerð og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins.

Í þessari skýrslu skal vera mat á því að hve miklu leyti þessi reglugerð og framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt henni, hafa leitt til þess að endanlegir notendur velji hjólbarða með betri frammistöðu, að teknu tilliti til áhrifa þessarar reglugerðar og framseldra gerða, sem samþykktar eru samkvæmt henni, á fyrirtæki, eldsneytisnotkun, öryggi, losun gróðurhúsalofttegunda, vitund neytenda og markaðseftirlit. Í þessari skýrslu skal einnig vera mat á kostnaði og ávinningi af skyldubundinni sannprófun óháðs þriðja aðila á upplýsingunum á hjólbarðamerkimiðanum, að teknu tilliti til fenginnar reynslu af víðari rammanum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 661/2009.

16. gr.

#### Breyting á reglugerð (ESB) 2017/1369

Í stað a-liðar 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1369 kemur eftirfarandi:

„a) styðja markaðseftirlitsyfirvöld við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð og viðeigandi framseldum gerðum, þ.m.t. framfylgd þeirra, og samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/740 (\*).

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/740 frá 25. maí 2020 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtni og aðra mælipætti, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1369 og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1222/2009 (Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 1).“

17. gr.

#### Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1222/2009

Reglugerð (EB) nr. 1222/2009 er felld úr gildi frá og með 1. maí 2021.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunar-töflunni í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

18. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2020.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

D. M. SASSOLI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. METELKO-ZGOMBIĆ

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

## PRÓFUN, FLOKKUN OG MÆLING Á MÆLIPÁTTUM HJÓLBARÐA

## A-hluti: Flokkar eldsneytisnýtni og veltiviðnámsstuðull

Ákvarða skal og sýna flokk eldsneytisnýtni á hjólbarðamerkimiðanum á grundvelli veltiviðnámsstuðuls ( $RRC$  í N/kN) samkvæmt kvarðanum „A“ til „E“ sem tilgreindur er í töflunni hér á eftir og mældur í samræmi við 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og samræmdur í samræmi við málsmeðferð fyrir samræmingu rannsóknarstofa sem sett er fram í V. viðauka.

Ef gerð hjólbarða tilheyrir fleiri en einum flokki hjólbarða (t.d. C1 og C2) skal nota þann flokkunarkvarða við ákvörðun flokks eldsneytisnýtni þessarar gerðar hjólbarða sem á við hæsta flokk hjólbarða (t.d. C2 ekki C1).

	Hjólbarðar í flokki C1	Hjólbarðar í flokki C2	Hjólbarðar í flokki C3
Eldsneytisnýtniflokkur	$RRC$ í N/kN	$RRC$ í N/kN	$RRC$ í N/kN
A	$RRC \leq 6,5$	$RRC \leq 5,5$	$RRC \leq 4,0$
B	$6,6 \leq RRC \leq 7,7$	$5,6 \leq RRC \leq 6,7$	$4,1 \leq RRC \leq 5,0$
C	$7,8 \leq RRC \leq 9,0$	$6,8 \leq RRC \leq 8,0$	$5,1 \leq RRC \leq 6,0$
D	$9,1 \leq RRC \leq 10,5$	$8,1 \leq RRC \leq 9,0$	$6,1 \leq RRC \leq 7,0$
E	$RRC \geq 10,6$	$RRC \geq 9,1$	$RRC \geq 7,1$

## B-hluti: Flokkar veggrips á blautum vegi

1. Ákvarða skal og sýna flokk veggrips hjólbarða á hjólbarðamerkimiðanum á grundvelli veggripsstuðuls á blautum vegi ( $G$ ) samkvæmt kvarðanum „A“ til „E“ sem tilgreindur er í töflunni hér á eftir, reiknaður skv. 2. lið og mældur í samræmi við 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117.

2. Útreikningur veggripsstuðuls á blautum vegi ( $G$ )

$$G = G(T) - 0,03$$

þar sem:

$G(T)$  = veggripsstuðull umsagnarhjólarðans á blautum vegi, mældur í einni prófunarlotu

	Hjólbarðar í flokki C1	Hjólbarðar í flokki C2	Hjólbarðar í flokki C3
Flokkur veggrips á blautum vegi	$G$	$G$	$G$
A	$1,55 \leq G$	$1,40 \leq G$	$1,25 \leq G$
B	$1,40 \leq G \leq 1,54$	$1,25 \leq G \leq 1,39$	$1,10 \leq G \leq 1,24$
C	$1,25 \leq G \leq 1,39$	$1,10 \leq G \leq 1,24$	$0,95 \leq G \leq 1,09$
D	$1,10 \leq G \leq 1,24$	$0,95 \leq G \leq 1,09$	$0,80 \leq G \leq 0,94$
E	$G \leq 1,09$	$G \leq 0,94$	$G \leq 0,79$

## C-hluti: Flokkar og mæligildi ytri snúningshávaða

Mæligildi ytri snúningshávaða ( $N$  í dB(A)) skal gefið upp í desibelum og reiknað í samræmi við 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117.


Flokkar ytri snúningshávaða skulu ákvarðaðir og sýndir á hjólbarðamerkimiðanum á grundvelli viðmiðunarmarkanna (LV) sem sett eru fram í C-hluta II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 661/2009 sem hér segir:

$N \leq LV - 3$	$LV - 3 < N \leq LV$	$N > LV$

D-hluti: Veggrip í snjó

Prófa skal veggrip í snjó í samræmi við 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117.

Hjólbarði sem uppfyllir lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 skal flokkaður sem hjólbarði til notkunar í miklum snjó og eftirfarandi skýringarmynd skal vera á hjólbarðamerkimiðanum.



E-hluti: Veggrip á ís

Prófa skal veggrip á ís í samræmi við áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir, þ.m.t., eftir því sem við á, alþjóðlega staðla sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni.


Hjólbarðamerkimiði hjólbarða sem uppfyllir viðeigandi lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís skal hafa eftirfarandi skýringarmynd.



## II. VIÐAUKI

## INNIHALD OG SNIÐ HJÓLBARÐAMERKIMIÐANS

1. Innihald hjólbarðamerkimiðans
- 1.1. Upplýsingar sem eiga að koma fram á efri hluta hjólbarðamerkimiðans:



- I. QR-kóði,
- II. viðskiptaheiti eða vörumerki birgis,
- III. auðkenni gerðar hjólbarða,
- IV. stærðarmerking hjólbarða, burðarstuðull og tákni fyrir hraðaflokk eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 <sup>(1)</sup>, í nýjustu uppfærðu útgáfunni sem kemur til framkvæmda í Sambandinu, (UNECE-reglugerð nr. 30) og reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 <sup>(2)</sup>, í nýjustu uppfærðu útgáfunni sem kemur til framkvæmda í Sambandinu, (UNECE-reglugerð nr. 54) fyrir hjólbarða í flokki C1, hjólbarða í flokki C2 og hjólbarða í flokki C3, eftir því sem við á,
- V. Flokkur hjólbarða: þ.e.a.s. C1, C2 eða C3,
- VI. skýringarmynd fyrir eldsneytisnýtni, kvarði og frammistöðuflokkur,


<sup>(1)</sup> Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 – Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á loftfylltum hjólbörðum fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 70).

<sup>(2)</sup> Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 – Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á loftfylltum hjólbörðum fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (Stjtið. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 41).



VII. skýringarmynd fyrir veggrip á blautum vegi, kvarði og frammistöðuflokkur.


- 1.2. Upplýsingar sem eiga að koma fram á neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir alla hjólbarða aðra en þá sem uppfylla lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 eða viðeigandi lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís eða bæði:



I. skýringarmynd fyrir ytri snúningshávaða, gildi (gefið upp í dB(A) og námundað að næstu heilu tölu) og frammistöðuflokkur,

II. raðnúmer þessarar reglugerðar: „2020/740“.

- 1.3. Upplýsingar sem eiga að koma fram á neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir hjólbarða sem uppfylla lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó, sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117:




I. skýringarmynd fyrir ytri snúningshávaða, gildi (gefið upp í dB(A) og námundað að næstu heilu tölu) og frammistöðuflokkur,

II. skýringarmynd fyrir veggrip í snjó,

III. raðnúmer þessarar reglugerðar: „2020/740“.

- 1.4. Upplýsingar sem eiga að koma fram á neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir hjólbarða sem uppfylla viðeigandi lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís:




I. skýringarmynd fyrir ytri snúningshávaða, gildi (gefið upp í dB(A) og námundað að næstu heilu tölu) og frammistöðuflokkur,


II. skýringarmynd fyrir veggrip á ís,

III. raðnúmer þessarar reglugerðar: „2020/740“.


1.5. Upplýsingar sem eiga að koma fram á neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir hjólbarða sem uppfylla bæði lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó, sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, og lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís:




- I. skýringarmynd fyrir ytri snúningshávaða, gildi (gefið upp í dB(A) og námundað að næstu heilu tölu) og frammistöðuflokkur,
  - II. skýringarmynd fyrir veggrip í snjó
  - III. skýringarmynd fyrir veggrip á ís,
  - IV. raðnúmer þessarar reglugerðar: „2020/740“.
2. Snið hjólbarðamerkimiðans
- 2.1. Snið efri hluta hjólbarðamerkimiðans:




2.1.1. Snið neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir alla hjólbarða aðra en þá sem uppfylla lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 eða viðeigandi lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís eða bæði:




2.1.2. Snið neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir hjólbarða sem uppfylla lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117:



2.1.3. Snið neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir hjólbarða sem uppfylla lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís:



- 2.1.4. Snið neðri hluta hjólbarðamerkimiðans fyrir hjólbarða sem uppfylla bæði lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul í snjó sem sett eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og lágmarksgildi fyrir veggripsstuðul á ís:



- 2.2. Að því er varðar lið 2.1:

- lágmarksstærð hjólbarðamerkimiða: 75 mm á breidd og 110 mm á hæð. Ef hjólbarðamerkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan,
- bakgrunnur hjólbarðamerkimiðans: 100% hvítur,
- leturgerðir: Verdana og Calibri,
- mál og forskriftir þáttanna, sem saman mynda merkimiðann: eins og tilgreint hér á undan,
- litakóðar samkvæmt CMYK-litaskipan (blár, blárauður, gulur og svartur) skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
  - litir kennimerkis ESB skulu vera eftirfarandi:
    - bakgrunnur: 100,80,0,0,
    - stjörnur: 0,0,100,0,
  - litur orkukennimerkisins: 100,80,0,0,
  - QR-kóði: 100% svartur,
  - viðskiptaheiti eða vörumerki birgis: 100% svartur og með Verdana Bold 7 pt,
  - auðkenni gerðar hjólbarða: 100% svartur og með Verdana Regular 7 pt,
  - stærðarmerking hjólbarða, burðarstuðull og tákn fyrir hraðaflokk: 100% svartur og með Verdana Regular 10 pt,
  - flokkur hjólbarða: 100% svartur og með Verdana Regular 7 pt, hægrijafnður,
  - bókstafir kvarðans fyrir eldsneytisnýtni og kvarðans fyrir veggrip á blautum vegi: 100% hvítur og með Calibri Bold 19 pt, bókstafirnir skulu vera miðjujafnaðir við ás, 4,5 mm frá vinstri hlið örvanna,
  - CMYK-litakóðar fyrir örvar í A til E kvarða fyrir eldsneytisnýtni skulu vera eftirfarandi:
    - flokkur A: 100,0,100,0,
    - flokkur B: 45,0,100,0,
    - flokkur C: 0,0,100,0,
    - flokkur D: 0,30,100,0,
    - flokkur E: 0,100,100,0,

- CMYK-litakóðar fyrir örvar í A til E kvarða fyrir veggrip á blautum vegi skulu vera eftirfarandi:
  - A: 100,60,0,0,
  - B: 90,40,0,0,
  - C: 65,20,0,0,
  - D: 50,10,0,0,
  - E: 30,0,0,0,
- innri skiptilínur: 0,5 pt á þykkt og liturinn skal vera 100% svartur,
- bókstafur eldsneytisnýtniflokks: 100% hvítur og með Calibri Bold 33 pt. Örvarnar fyrir kvarðann fyrir eldsneytisnýtni og kvarðann fyrir veggrip á blautum vegi og samsvarandi örvar í kvarðanum frá A til E skulu vera staðsettar þannig að oddarnir á þeim myndi beina línu. Bókstafurinn í örinni með kvarðanum fyrir eldsneytisnýtni og kvarðanum fyrir veggrip á blautum vegi skal vera staðsettur í miðju rétthyrnda hluta örvarinnar sem skal vera 100% svartur,
- skýringarmynd fyrir eldsneytisnýtni: breidd 16 mm, hæð 14 mm, þykkt 1 pt, litur: 100% svartur,
- skýringarmynd fyrir veggrip á blautum vegi: breidd 20 mm, hæð 14 mm, þykkt 1 pt, litur: 100% svartur,
- skýringarmynd fyrir ytri snúningshávaða: breidd 24 mm, hæð 18 mm, þykkt 1 pt, litur: 100% svartur. Fjöldi desibela innan í táknmyndinni af hátalara með Verdana Bold 12 pt, einingin „dB“ með Regular 9 pt; svið flokka ytri snúningshávaða (A til C) miðjusetur undir táknmyndinni, bókstafur viðeigandi flokks ytri snúningshávaða með Verdana Bold 16 pt og hinir bókstafirnir fyrir flokka ytri snúningshávaða með Verdana Regular 10 pt,
- skýringarmynd fyrir veggrip í snjó: breidd 15 mm, hæð 13 mm, þykkt 1 pt, litur: 100% svartur,
- skýringarmynd fyrir veggrip á ís: breidd 15 mm, hæð 13 mm, þykkt 1 pt, þykkt skálína 0,5 pt, litur: 100% svartur,
- númer reglugerðarinnar skal vera 100% svart og með Verdana Regular 6 pt.

*III. VIÐAUKI***VÖRUUPPLÝSINGABLAÐ**

Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaði hjólbarðanna skulu koma fram í kynningarriti fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir hjólbarðanum og skulu innihalda eftirfarandi:

- a) viðskiptaheiti eða vörumerki birgis eða framleiðanda, ef framleiðandinn er ekki sá sami og birgirinn,
- b) auðkenni gerðar hjólbarða,
- c) stærðarmerkingu hjólbarða, burðarstuðul og tákn fyrir hraðaflokk eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 fyrir hjólbarða í flokki C1, hjólbarða í flokki C2 og hjólbarða í flokki C3, eftir því sem við á,
- d) eldsneytisnýtniflokk hjólbarða, í samræmi við I. viðauka,
- e) flokk hjólbarða að því er varðar veggrip á blautum vegi, í samræmi við I. viðauka,
- f) flokk ytri snúningshávaða og gildi í desibelum í samræmi við I. viðauka,
- g) upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði til notkunar í miklum snjó,
- h) upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði með veggrip á ís,
- i) dagsetninguna þegar framleiðsla hófst á gerð hjólbarða (tveir tölustafir fyrir vikuna og tveir tölustafir fyrir árið),
- j) dagsetninguna þegar framleiðslu lauk á gerð hjólbarða, þegar hún er þekkt (tveir tölustafir fyrir vikuna og tveir tölustafir fyrir árið).

---

## IV. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL Í TÆKNILEGU KYNNINGAREFNI

1. Upplýsingar um hjólbarða, sem koma fram í tæknilegu kynningarefni, skulu gefnar í eftirfarandi röð:
  - a) flokkur eldsneytisnýtni (bókstafir „A“ til „E“),
  - b) flokkur veggrips á blautum vegi (bókstafir „A“ til „E“),
  - c) flokkur ytri snúningshávaða og mæligildi í dB,
  - d) upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði til notkunar í miklum snjó,
  - e) upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði með veggrip á ís.
2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla eftirtaldar kröfur:
  - a) þær skulu vera auðlæsilegar,
  - b) þær skulu vera auðskiljanlegar,
  - c) ef gerðir hjólbarða eru flokkaðar á mismunandi hátt innan hjólbarðahóps með hliðsjón af stærð eða öðrum eiginleikum skal tilgreina sviðið allt frá verstu til bestu frammistöðu hjólbarðagerða.
3. Birgjar skulu einnig gera eftirfarandi tiltækt á vefsetrum sínum:
  - a) tengil á viðkomandi vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar fyrir þessa reglugerð,
  - b) útskýringar á skýringarmyndunum sem prentaðar eru á hjólbarðamerkimiðann,
  - c) yfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á að raunverulegur eldsneytissparnaður og umferðaröryggi eru mjög háð hegðun ökumanna og einkum eftirfarandi:
    - vistakstur getur dregið umtalsvert úr eldsneytisnotkun,
    - kanna verður þrýsting í hjólbörðum reglulega til að hámarka eldsneytisnýti og veggrip á blautum vegi,
    - ætíð verður að taka tillit til stöðvunarvegalengdar.
4. Birgjar og dreifingaraðilar skulu einnig, ef við á, gera yfirlýsingu tiltæka á vefsetrum sínum þar sem lögð er áhersla á að hjólbarðar með veggrip á ís séu sérstaklega hannaðir fyrir vegayfirborð sem eru þakin ís og samþjöppuðum snjó og ættu einungis að vera notaðir við afar erfið loftslagsskilyrði (t.d. lágt hitastig) og að notkun hjólbarða með veggrip á ís við loftlagsskilyrði sem eru ekki eins erfið (t.d. blaut veðurskilyrði eða herra hitastig) gæti leitt til lakari frammistöðu, einkum að því er varðar veggrip á blautum vegi, aksturseggleika og slit.

## V. VIÐAUKI

## MÁLSMEDFERÐ FYRIR SAMRÆMINGU Á MÆLINGUM RANNSÓKNARSTOFA Á VELTIVIÐNÁMI

## 1. Skilgreiningar

Að því er varðar málsmeðferð fyrir samræmingu á mælingum rannsóknarstofa á veltiviðnámi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „tilvísunarrannsóknarstofa“: rannsóknarstofa sem tilheyrir neti rannsóknarstofa, sem hafa fengið nöfn sín birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins vegna málsmeðferðarinnar fyrir samræmingu rannsóknarstofa, og sem getur náð þeirri nákvæmni í prófunarniðurstöðum sem tilgreind er í 3. lið með tilvísunarvél sinni,
- 2) „Umsagnarrannsóknarstofa“: rannsóknarstofa sem tekur þátt í málsmeðferðinni fyrir samræmingu rannsóknarstofa sem er ekki tilvísunarrannsóknarstofa,
- 3) „samræmingarhjólbardi“: hjólbardi sem er prófaður í þeim tilgangi að framkvæma málsmeðferðina fyrir samræmingu rannsóknarstofa,
- 4) „umgangur samræmingarhjólbarda“: umgangur með fimm eða fleiri samræmingarhjólbörðum fyrir samræmingu einnar vélar,
- 5) „úthlutað gildi“: fræðilegt gildi veltiviðnámsstuðuls (RRC) samræmingarhjólbarda eins og það væri mælt í fræðilegri rannsóknarstofu sem er dæmigerð fyrir net tilvísunarrannsóknarstofa, sem eru notaðar fyrir málsmeðferðina fyrir samræmingu rannsóknarstofa,
- 6) „vél“: allir spindlar fyrir hjólbardaþrófun í einni tiltekinni mæliaðferð, t.d. skulu tveir spindlar sem verka á sömu tromlu ekki teljast sem ein vél.

## 2. Almenn ákvæði

## 2.1. Meginregla

Gildi mælds ( $m$ ) veltiviðnámsstuðuls sem fengið er á tilvísunarrannsóknarstofu ( $l$ ), ( $RRC_{m,l}$ ), skal samræmt úthlutaðu gildunum frá neti tilvísunarrannsóknarstofa.

Gildi mælds ( $m$ ) veltiviðnámsstuðuls sem fengið er með vél á umsagnarrannsóknarstofu ( $c$ ), ( $RRC_{m,c}$ ), skal samræmt af tilvísunarrannsóknarstofu í netinu sem það velur.

## 2.2. Kröfur varðandi val á hjólbörðum

Velja skal umgang samræmingarhjólbarda fyrir málsmeðferðina fyrir samræmingu rannsóknarstofa í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir. Velja skal einn umgang samræmingarhjólbarda fyrir hjólbarda í flokki C1 og hjólbarda í flokki C2 saman og einn umgang fyrir hjólbarda í flokki C3:

- a) velja skal umgang samræmingarhjólbarda þannig að þeir nái yfir allt svið mismunandi RRC-gilda fyrir hjólbarda í flokki C1 og hjólbarda í flokki C2 saman eða fyrir hjólbarda í flokki C3; í öllum tilvikum skal mismunur hæsta gildis  $RRC_m$  fyrir umgang samræmingarhjólbarda og lægsta gildis  $RRC_m$  fyrir umgang samræmingarhjólbarda vera, fyrir og eftir samræmingu, a.m.k. jafnt og:
  - i. 3 N/kN fyrir hjólbarda í flokki C1 og hjólbarda í flokki C2 og
  - ii. 2 N/kN fyrir hjólbarda í flokki C3,
- b) gildi  $RRC_m$  hjá þátttöku- eða tilvísunarrannsóknarstofu ( $RRC_{m,c}$  eða  $RRC_{m,l}$ ) sem byggjast á yfirlýstum RRC-gildum fyrir hvern samræmingarhjólbarda í umgangi samræmingarhjólbarda skulu vera jafndreifð,
- c) hleðslutölugildi skulu með fullnægjandi hætti ná yfir svið þeirra hjólbarda sem á að prófa, til að tryggja að gildi veltiviðnáms nái einnig yfir allt svið þeirra hjólbarda sem á að prófa.

Skoða skal hvern samræmingarhjólbarda fyrir notkun og skipta um ef:

- a) ástand samræmingarhjólbardans er þannig að hann er ónothæfur fyrir frekari prófanir eða
- b) það eru frávik frá  $RRC_{m,c}$  eða  $RRC_{m,l}$  sem eru yfir 1,5% miðað við fyrri mælingar eftir leiðréttingu fyrir hugsanlegt frávik vélar.

## 2.3. Mæliaðferð

Tilvísunarrannsóknarstofan skal mæla hvern samræmingarhjólbarda fjórum sinnum og geyma síðustu þrjár mælingarnar fyrir frekari greiningu í samræmi við 4. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117.



Umsagnarrannsóknarstofan skal mæla hvern samræmingarhjólbarða ( $n + 1$ ) sinnum, en  $n$  er ákvarðað í 5. lið þessa viðauka, og geyma síðustu  $n$  mælingarnar fyrir frekari greiningu í samræmi við 4. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og beita þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117.

Í hvert sinn sem samræmingarhjólbarði er mældur skal taka samsetningu hjóls og hjólbarða af vélinni og skal allt prófunarferlið, sem um getur í 4. lið 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, endurtekið frá byrjun.

Þáttöku- eða tilvísunarrannsóknarstofan skal reikna:

- mæligildi hvers samræmingarhjólbarða fyrir hverja mælingu, eins og tilgreint er í liðum 6.2 og 6.3 lið í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 (þ.e. leiðrétt fyrir hitastigið 25 °C og þvermál tromlu sem er 2 m),
- meðalgildi þriggja síðustu mæligilda fyrir hvern samræmingarhjólbarða (ef um er að ræða tilvísunarrannsóknarstofu) eða meðalgildi  $n$  síðustu mæligilda fyrir hvern samræmingarhjólbarða (ef um er að ræða umsagnarrannsóknarstofu) og
- staðalfrávik ( $\sigma_m$ ) sem hér segir:

$$\sigma_m = \sqrt{\frac{1}{p} \cdot \sum_{i=1}^p \sigma_{m,i}^2}$$

$$\sigma_{m,i} = \sqrt{\frac{1}{n-1} \cdot \sum_{j=2}^{n+1} \left( Cr_{i,j} - \frac{1}{n} \cdot \sum_{j=2}^{n+1} Cr_{i,j} \right)^2}$$

þar sem:

- $i$  er teljari fyrir samræmingarhjólbarða, frá 1 og upp í  $p$
- $j$  er teljari fyrir  $n$  síðustu endurtekningar á hverri mælingu fyrir tiltekinn samræmingarhjólbarða, frá 2 og upp í  $n + 1$ ,
- $n + 1$  er fjöldi endurtekninga á mælingu hjólbarða ( $n + 1 = 4$  fyrir tilvísunarrannsóknarstofur og  $n + 1 \geq 4$  fyrir umsagnarrannsóknarstofur),
- $p$  er fjöldi samræmdra hjólbarða ( $p \geq 5$ ).

#### 2.4. Gagnasnið sem skal nota fyrir útreikninga og niðurstöður

Mæld RRC-gildi sem leiðrétt eru miðað við þvermál tromlu og hitastig skulu námunduð með tveimur aukastöfum.

Eftir það skulu allir útreikningar vera með öllum tölustöfum: ekki skal námunda frekar nema í endanlegu samræmingarjöfnunum.

Öll gildi staðalfráviks skulu sýnd með þremur aukastöfum.

Öll gildi RRC skulu sýnd með tveimur aukastöfum.

Allir samræmingarstuðlar ( $A1_l$ ,  $B1_l$ ,  $A2_c$  og  $B2_c$ ) skulu námundaðir og sýndir með fjórum aukastöfum.

#### 3. Kröfur sem gilda um tilvísunarrannsóknarstofur og ákvörðun úthlutaðra gilda

Úthlutað gildi hvers samræmingarhjólbarða skulu ákvörðuð af neti tilvísunarrannsóknarstofa. Annað hvert ár skal netið meta stöðugleika og gildi úthlutaðu gildanna.

Hver tilvísunarrannsóknarstofa sem tekur þátt í netinu skal uppfylla forskriftirnar í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og vera með staðalfrávik ( $\sigma_m$ ) sem hér segir:

- ekki meira en 0,05 N/kN fyrir hjólbarða í flokki C1 og hjólbarða í flokki C2 og
- ekki meira en 0,05 N/kN fyrir hjólbarða í flokki C3.

Hver tilvísunarrannsóknarstofa í netinu skal mæla umganga samræmingarhjólbarða, sem hafa verið valdir í samræmi við lið 2.2, í samræmi við lið 2.3.

Úthlutað gildi hvers samræmingarhjólbarða er meðaltal mæligildanna sem tilvísunarrannsóknarstofurnar í netinu hafa tilgreint fyrir þann samræmingarhjólbarða.

## 4. Málsmeðferð fyrir samræmingu tilvísunarrannsóknarstofu við úthlutaða gildið

Hver tilvísunarrannsóknarstofa ( $I$ ) skal samræma við hvert nýtt sett úthlutaðra gilda og alltaf eftir umtalsverðar breytingar á vélum eða frávik í vöktunargögnum samanburðarhjólbarda vélarinnar.

Fyrir málsmeðferðina skal nota línulega aðhvarfsgreiningu á öll einstök gögn. Reikna skal aðhvarfsstuðlana  $A1$  og  $B1$  sem hér segir:

$$RRC = A1_l \times RRC_{m,l} + B1_l$$

þar sem:

$RRC_l$  er úthlutað gildi veltiviðnámsstuðuls,

$RRC_{m,l}$  er gildi veltiviðnámsstuðuls mælt sérstaklega af tilvísunarrannsóknarstofu „I“ (þ.m.t. leiðréttingar fyrir hitastig og þvermál tromlu).

## 5. Kröfur sem gilda um umsagnarrannsóknarstofur

Umsagnarrannsóknarstofur skulu endurtaka samræmingarmálsmeðferðina a.m.k. annað hvert ár fyrir allar vélar og alltaf eftir umtalsverðar breytingar á vélum eða frávik í vöktunargögnum samanburðarhjólbarda vélarinnar.

Fyrst skal ein umsagnarrannsóknarstofa og svo ein tilvísunarrannsóknarstofa mæla sameiginlegan umgang með fimm hjólbörðum, sem hafa verið valdir í samræmi við lið 2.2, í samræmi við lið 2.3. Gera má prófun á fleiri en fimm samræmingarhjólbörðum ef umsagnarrannsóknarstofan fer fram á það.

Umsagnarrannsóknarstofan lætur valinni tilvísunarrannsóknarstofu í té umganginn með samræmingarhjólbörðunum.

Umsagnarrannsóknarstofan ( $c$ ) skal uppfylla forskriftirnar í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 og helst vera með staðalfrávik ( $\sigma_m$ ) sem hér segir:

a) ekki meira en 0,075 N/kN fyrir hjólbarda í flokki C1 og hjólbarda í flokki C2 og

b) ekki meira en 0,06 N/kN fyrir hjólbarda í flokki C3.

Ef staðalfrávik ( $\sigma_m$ ) umsagnarrannsóknarstofunnar er hærra en þessi gildi eftir fjórar mælingar, þar sem síðustu þrjár eru notaðar til útreikninga, skal auka fjölda  $n + 1$  endurtekninga á mælingum sem hér segir fyrir alla framleiðslulotuna:

$$n + 1 = 1 + (\sigma_m/\gamma)^2, \text{ námundað að næstu heilu tölu fyrir ofan}$$

þar sem:

$$\gamma = 0,043 \text{ N/kN fyrir hjólbarda í flokki C1 og hjólbarda í flokki C2,}$$

$$\gamma = 0,035 \text{ N/kN fyrir hjólbarda í flokki C3.}$$

## 6. Málsmeðferð fyrir samræmingu umsagnarrannsóknarstofu

Ein af tilvísunarrannsóknarstofunum ( $I$ ) í netinu skal reikna línulegt aðhvarfsfall allra einstakra gagna umsagnarrannsóknarstofunnar ( $c$ ). Reikna skal aðhvarfsstuðlana,  $A2_c$  og  $B2_c$ , sem hér segir:

$$RRC_{m,l} = A2_c \times RRC_{m,c} + B2_c$$

þar sem:

$RRC_{m,l}$  er gildi veltiviðnámsstuðuls mælt sérstaklega af tilvísunarrannsóknarstofu ( $I$ ) (þ.m.t. leiðréttingar fyrir hitastig og þvermál tromlu),

$RRC_{m,c}$  er gildi veltiviðnámsstuðuls mælt sérstaklega af umsagnarrannsóknarstofu ( $c$ ) (þ.m.t. leiðréttingar fyrir hitastig og þvermál tromlu)

Ef ákvörðunarstuðullinn  $R^2$  er lægri en 0,97 skal ekki samræma umsagnarrannsóknarstofuna.

Reikna skal samræmt RRC-gildi hjólbarda sem prófaðir eru af umsagnarrannsóknarstofu sem hér segir:

$$RRC = (A1_l \times A2_c) \times RRC_{m,c} + (A1_l \times B2_c + B1_l)$$

## VI. VIÐAUKI

## SANNPRÓFUNARADFERÐ

Meta skal samræmi við þessa reglugerð að því er varðar yfirlýsta flokka eldsneytisnýtni, veggrips á blautum vegi og ytri snúningshávaða ásamt yfirlýstum gildum, og allar viðbótarupplýsingar um frammistöðu á hjólbarðamerkimiðanum, fyrir hverja gerð hjólbarða eða hvern flokk hjólbarða eins og hann er ákvarðaður af birgi, samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

1. Fyrst er stakur hjólbarði eða hjólbarðaumgangur prófaður. Ef mæligildið fullnægir yfirlýstum flokki eða yfirlýstu gildi ytri snúningshávaða innan vikmarkanna við sannprófun sem um getur í töflunni hér að neðan, skal hjólbarðamerkimiðinn teljast vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Ef mæligildið fullnægir ekki yfirlýstum flokki eða yfirlýstu gildi ytri snúningshávaða innan vikmarkanna við sannprófun sem um getur í töflunni hér að neðan, eru þrír hjólbarðar eða umgangar hjólbarða til viðbótar prófaðir; meðalgildi mælinganna eftir prófanir á þremur hjólbörðum eða umgöngum hjólbarða til viðbótar er notað til að sannprófa þær upplýsingar sem gefnar hafa verið upp, þar sem tekið er tillit til vikmarka við sannprófun sem um getur í töflunni hér að neðan.

2. Ef flokkar eða gildi á hjólbarðamerkimiðanum leiða af niðurstöðum úr gerðarviðurkenningarprófunum sem fengnar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 661/2009 eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 geta aðildarríki notað mæligögn úr prófunum á samræmi framleiðslu á hjólbörðum sem voru framkvæmdar samkvæmt gerðarviðurkenningaraðferðinni sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2018/858.

Mat á mæligögnum sem fengin eru úr prófunum á samræmi framleiðslu skal taka tillit til vikmarka við sannprófun sem um getur í töflunni hér að neðan.

Mældur þáttur	Vikmörk við sannprófun
RRC (eldsneytisnýtni)	Samræmda mæligildið skal ekki vera hærra en efri mörk (hæsta RRC) yfirlýsta flokksins en sem nemur 0,3 N/kN.
Ytri snúningshávaði	Mæligildið skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi N en sem nemur 1 dB(A).
Veggrip á blautum vegi	Mæligildið G(T) skal ekki vera lægra en lægri mörk yfirlýsta flokksins (lægsta gildi G).
Veggrip í snjó	Mæligildið skal ekki vera lægra en lágmarksstuðullinn fyrir veggrip í snjó.
Veggrip á ís	Mæligildið skal ekki vera lægra en lágmarksstuðullinn fyrir veggrip á ís.

## VII. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGARNAR SEM BIRGIRINN SKAL FÆRA INN Í VÖRUGAGNAGRUNNINN

1. Upplýsingar sem á að færa inn í opna hluta gagnagrunnsins:
  - a) viðskiptaheiti eða vörumerki birgis, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og annað lögmætt auðkenni,
  - b) auðkenni gerðar hjólbarða,
  - c) hjólbarðamerkimiðinn á rafrænu formi,
  - d) flokkur/-flokkar og aðrir mælipættir á hjólbarðamerkimiðanum og
  - e) mælipættir vöruupplýsingablaðsins á rafrænu formi.
2. Upplýsingar sem á að færa inn í þann hluta gagnagrunnsins er varðar reglufylgni:
  - a) auðkenni gerðar hjólbarða allra sambærilegra gerða hjólbarða sem hafa þegar verið settar á markað,
  - b) almenna lýsingu á gerð hjólbarða, þ.m.t. stærð, hleðslutölu og hraðamerkingu, þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,
  - c) aðferðarlýsingu fyrir prófun, flokkun og mælingu mælipátta hjólbarða sem sett er fram í I. viðauka,
  - d) sérstakar varúðarráðstafanir, ef einhverjar eru, sem gera skal þegar gerð hjólbarða er sett saman, sett upp, henni haldið við eða hún prófuð,
  - e) mælda tæknilega mælipætti gerðar hjólbarða, ef við á, og
  - f) útreikningana, sem gerðir eru út frá mældum tæknilegum mælipáttum.

## VIII. VIÐAUKI

## SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 1222/2009	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	—
2. mgr. 1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
1. liður 3. gr.	1. liður 3. gr.
—	2. liður 3. gr.
2. liður 3. gr.	3. liður 3. gr.
—	4. liður 3. gr.
—	5. liður 3. gr.
3. liður 3. gr.	6. liður 3. gr.
4. liður 3. gr.	7. liður 3. gr.
—	8. liður 3. gr.
5. liður 3. gr.	9. liður 3. gr.
—	10. liður 3. gr.
—	11. liður 3. gr.
6. liður 3. gr.	12. liður 3. gr.
7. liður 3. gr.	13. liður 3. gr.
8. liður 3. gr.	14. liður 3. gr.
9. liður 3. gr.	15. liður 3. gr.
10. liður 3. gr.	16. liður 3. gr.
11. liður 3. gr.	17. liður 3. gr.
—	18. liður 3. gr.
12. liður 3. gr.	19. liður 3. gr.
13. liður 3. gr.	20. liður 3. gr.
—	21. liður 3. gr.
—	22. liður 3. gr.
—	23. liður 3. gr.
—	24. liður 3. gr.
4. gr.	4. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
a-liður 1. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 4. gr.
b-liður 1. mgr. 4. gr.	b-liður 1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.	—

Reglugerð (EB) nr. 1222/2009	Þessi reglugerð
—	2. mgr. 4. gr.
—	3. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	5. mgr. 4. gr.
—	6. mgr. 4. gr.
—	7. mgr. 4. gr.
—	8. mgr. 4. gr.
—	9. mgr. 4. gr.
—	10. mgr. 4. gr.
—	5. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 6. gr.
a-liður 1. mgr. 5. gr.	a-liður 1. mgr. 6. gr.
b-liður 1. mgr. 5. gr.	b-liður 1. mgr. 6. gr.
—	2. mgr. 6. gr.
—	3. mgr. 6. gr.
2. mgr. 5. gr.	4. mgr. 6. gr.
3. mgr. 5. gr.	—
—	5. mgr. 6. gr.
—	6. mgr. 6. gr.
—	7. mgr. 6. gr.
6. gr.	7. gr.
—	8. gr.
7. gr.	9. gr.
8. gr.	10. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 9. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. málslíður 2. mgr. 9. gr.	5. mgr. 4. gr.
10. gr.	2. mgr. 11. gr.
—	3. mgr. 11. gr.
a-liður 11. gr.	—
b-liður 11. gr.	—
c-liður 11. gr.	b-liður 1. mgr. 13. gr.
12. gr.	4. mgr. 11. gr.
—	5. mgr. 11. gr.
—	12. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1222/2009	Þessi reglugerð
—	13. gr.
—	1. mgr. 13. gr.
—	2. mgr. 13. gr.
—	3. mgr. 13. gr.
—	4. mgr. 13. gr.
—	14. gr.
13. gr.	—
14. gr.	—
—	15. gr.
15. gr.	—
—	16. gr.
—	17. gr.
16. gr.	18. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
—	III. viðauki
III. viðauki	IV. viðauki
IV. viðauki	VI. viðauki
IV. viðauki a	V. viðauki
V. viðauki	—
—	VII. viðauki
—	VIII. viðauki